

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 134/2005, um doktorsnám og rannsóknánámsnefnd við lagadeild Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Þriðja grein reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Umsóknarfrestur um doktorsnám er að jafnaði 15. mars vegna náms sem byrjar á haustmisseri og 15. september vegna náms sem byrjar á vormisseri. Deildarfundur getur ákveðið að umsókn, sem berst að liðnum umsóknarfresti, verði tekin til umfjöllunar í rannsóknánámsnefnd.

#### 2. gr.

Við 5. gr. reglnanna bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. svohljóðandi:

Óski umsækjandi eftir því að skrifa ritgerð sína á öðru tungumáli en íslensku getur rannsóknánámsnefnd gert það að skilyrði að umsækjandi sanni færni sína í viðkomandi tungumáli með því að láta hann gangast undir próf eða leggja fram sérstakt vottorð þar að lútandi.

#### 3. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í lagadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 9. desember 2005.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*